



Styrkbeiðni vegna síðari áfanga smáforritsins *Orðagulls*, sem er frítt málörvunarforrit fyrir spjaldtölvur og snjallsíma

Smáforritið *Orðagull* hefur það að markmiði að styrkja orðaforða og málskilning, vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, lesskilning og máltjáningu barna. Allt eru þetta mikilvægir undirstöðuþættir máls og læsis.

Smáforritið hentar elstu börnum í leikskóla og börnum á yngsta stigi grunnskóla. Einnig getur það nýst eldri nemendum sem glíma við erfiðleika hvað varðar vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, orðaforða og endursögn, sem og nemendum á öllum aldri með íslensku sem annað tungumál.

Orðagull var fyrst gefið út fyrir iOS spjaldtölvur á degi íslenskrar tungu 2016. Ári síðar var það gert aðgengilegt fyrir bæði snjallsíma og spjaldtölvur sem styðjast við Android og iOS stýrikerfin. Forritið hefur fengið mjög góðar viðtökur hjá kennurum í leik- og grunnskólum, foreldrum og börnum. Það lenti í öðru sæti yfir mest notuðu forritin í leikskólum í könnun MMS 2017 og fékk mjög góða umsögn hjá Snjallskólanum þar sem appið fékk 4 ½ stjörnu af fimm mögulegum í einkunn: <http://snjallskoli.is/oppin/ordagull/>

Forritið er sem stendur frítt til niðurhals og er aðgengilegt bæði í Play Store (fyrir Android) og App Store (fyrir iOS).

Höfundar forritsins eru talmeinafræðingarnir og sérkennararnir Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir, sem báðar starfa hjá Hafnarfjarðarbæ. Þær hafa áratuga reynslu af námskeiðahaldi og að því að vinna með börnum með námserfiðleika og málsproskavanda. Einnig hafa þær komið að gerð margvíslegs málörvunarefnis fyrir börn og unnið að gerð ýmissra prófa og mælitækja. Þær eru m.a. meðhöfundar að lesskimunarprófi Menntamálastofnunar fyrir 1. bekk, en í skimunarprófinu, sem lagt fyrir í nær öllum grunnskólum landsins, er verið að meta undirstöðuþætti læsis. Ásthildur starfar þar að auki sem faglegur ráðgjafi fyrir Menntamálastofnun og önnur sveitarfélög. Þessa reynslu og þekkingu hafa höfundar nýtt sér við uppbyggingu smáforritsins *Orðagulls*.

Orðagull býður upp á fjölbreytta notkunarmöguleika þar sem m.a. er hægt að vinna markvisst með lesskilning og sjónrænan orðaforða (lestur orðmynda). Í nýjustu uppfærslu forritsins er tekið tillit til fjölmenningar þannig að öll börn geti samsamað sig við ákveðnar persónur sem koma fram í forritinu. Sem dæmi má nefna að þegar nemendur velja sér persónu í byrjun geta þeir valið sér ákveðinn húðlit og kynþátt. Sérstaklega er hugað að börnum sem eru að læra íslensku sem annað mál.

Mikil umræða hefur átt sér stað að undanförunu um slaka stöðu íslenskunnar, hnignandi málþroska og minnkandi lestrarfærni íslenskra barna. Fjölmarginir aðilar hafa styrkt fyrri hluta

verkefnisins og gert það að verkum að hægt hefur verið að bjóða upp á forritið frítt til niðurrhals.

Höfundar vilja helst hafa forritið frítt þannig að það nýtist öllum börnum á Íslandi án endurgjalds, sem og íslenskum börnum sem eru búsett erlendis og vilja viðhalda íslenskunni. Sérstaklega er hugað að börnum sem eru að læra íslensku sem annað mál.

Orðagull - síðari áfangi: Nú er komið að nýrri uppfærslu á forritinu og er samtímis verið að bæta 14 nýjum borðum við það (fyrir eru 24 borð í eldri útgáfu). Nýja útgáfan inniheldur því 38 borð sem hægt er að fara í gegnum á fjóra mismunandi vegu, þ.e. sem orðabók, fyrimælavinna (málskilningur og lesskilningur), spurningar og orðalestur.

Mælingar á niðurrhölum og notkun forritsins sýna að *Orðagull* er mikið notað og eykst notkunin marktækt þegar skólar hefja starfsemi sína að hausti. Höfundum hafa einnig borist upplýsingar frá fjölmörgum leik- og grunnskólum um að forritið sé mikið notað á báðum skólastigum og njóti mikilla vinsælda hjá börnum jafnt sem kennurum. Kennarar eru einnig mjög ánægðir með að geta bent foreldrum, óháð efnahag, á málörvunarforritið sem leið til að efla málþroska og læsi nemenda.

Höfundar stefna á að hafa forritið áfram frítt og þá einnig þau 14 nýju borð sem fylgja seinni áfanga uppfærslunnar. Þar sem flestöll sveitarfélög hafa verið að nýta sér *Orðagull* í bæði leik- og grunnskólum leitum við nú til nokkurra strærstu sveitarfélaganna um styrk til þess að standa undir kostnaði við nýju uppfærsluna þannig að efnið megi áfram verða öllum börnum aðgengilegt án tilits til efnahags. Markmiðið er að styrkja mál og læsi íslenskra barna, hvort heldur þau eiga íslensku sem móðurmál eða ekki.

Vinna við að bæta forritið, ásamt vinnu við hugbúnað og hönnun nýs efnis, er um 4.500.000 kr. Þar af er áætlaður kostnaður við að auglýsa forritið, til þess að sem flestir geti nýtt sér það, áætlaður um 200.000 kr.

Ef af styrkveitingu verður munum við að sjálfsögðu geta þess í nýrri útgáfu að hún hafi verið styrkt af Garðabæ. Einnig munum við bjóða upp á frítt námskeið fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,

Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur, bsig221@gmail.com
GSM 820 1511

Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur, hildu@simnet.is
GSM 867 2204